

Alþingi
Eriundi nr. P 130/239
komudagur 20.11.2003



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. nóvember 2003

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum, 9. mál.

Samtök iðnaðarins leggjast gegn samþykkt ofangreinds frumvarps.

Samkeppnislögin eru ein mikilvægustu lögin sem gilda um íslenskt atvinnulíf og því afar brýnt að þau séu vönduð, skapi grundvöll að heilbrigðri samkeppni, veiti nauðsynlegt rúm til athafna en tryggji að sama skapi yfirvöldum tækifæri til inngripa þegar grundvallarreglur eru brotnar.

Samtök iðnaðarins hafa oftast en ekki gagnrýnt margt í núverandi samkeppnislögum. Samtökin höfðu m.a. frumkvæði að því árið 1998 að þrenn samtök í atvinnulífi, SI, VSÍ og VÍ rituðu viðskiptaráðherra bréf og óskuðu eftir því að hann setti á fót nefnd til þess að gera tillögur um endurskoðun samkeppnislaga, sem þá voru fimm ára. Nefndin var að störfum í eitt ár og skilaði greinargerð til ráðherra þann 1. nóvember 1999. Því miður voru niðurstöður hennar að mestu hunsaðar við endurskoðun laganna í kjölfarið á vorþingi 2000.

Á vettvangi Samtaka atvinnulífsins var unnin mjög ítarleg skýrsla *Samkeppnishæf samkeppnislög* sem kom út vorið 2002. Samtök iðnaðarins tóku þátt í gerð þeirrar skýrslu. Þar er að finna samanburð við samkeppnilög annarra landa og settar fram tillögur til úrbóta á íslenskum samkeppnislögum.

Samtök iðnaðarins telja mjög óheppilegt að taka einstaka þætti samkeppnislaganna og breyta þeim án þess að fram fari heildstæð endurskoðun. Þá er rétt að benda á að samtímis því að þetta frumvarp er lagt fram er réttarfarsnefnd að skoða atriði er lúta að húsleit við rannsókn samkeppnismála. Auk þess er að störfum nefnd á vegum viðskiptaráðherra sem er ætlað að skoða og setja fram tillögur er lúta að samskiptum samkeppnisstofnunar og lögreglu þegar brot á samkeppnislögum eru til rannsóknar.

Samtök iðnaðarins telja rétt að bíða niðurstaðna úr þessu starfi og hefja síðan heildarendurskoðun sem tekur til allra þátta málsins. Ekki er tekin efnisleg afstaða til einstakra þátta frumvarpsins en Samtök iðnaðarins vísa að öðru leyti til umsagnar Samtaka atvinnulífsins um sama þingmál.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri